

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í Sléttuhlíð, Gráhelluhrauni og Klifsholti.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 10. nóvember 2010 breytingu á deiliskipulagi fyrir Sléttuhlíð í Hafnarfirði. Breytingin felst í því að geymsla, vinnustofa eða gestahús mega ekki vera tengd frístundahúsinu með þaki eða vegg. Hámarkshæð mænis á frístundahúsi má ekki vera meiri en 5,5 m yfir gólfkóta í stað 6,0 m og veggshæð langhliða má ekki fara yfir 2,8 m. Hámarkshæð mænis á gestahúsi má ekki vera meiri en 4,5 m yfir gólfkóta.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 19. maí 2011,*

**Berglind Guðmundsdóttir** landslagsarkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. júní 2011